

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2007 frá 7. nóvember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 95/64/EB, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98, reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003 og (EB) nr. 1365/2006 að því er varðar að koma á fót vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur (NST 2007) sem sérstakri flokkun yfir vöruflutninga með tilteknum flutningsmáta ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003), lið 7b (tilskipun ráðsins 95/64/EB) og lið 7f (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98):

„– **32007 R 1304:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2007 frá 7. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 290, 8.11.2007, bls. 14).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 7j (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1365/2006):

„eins og henni var breytt með:

– **32007 R 1304:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2007 frá 7. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 290, 8.11.2007, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1304/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 36, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 290, 8.11.2007, bls. 14.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.